

Viðmiðunarreglur um uppstillingu vegna sveitarstjórnarkosninga.

I. kafli.

Uppstilling.

1. gr. Kjördæmaþing/fulltrúaráð/félagsfundur ákveður hvort að viðhöfð verði uppstilling við val á framboðslista.

II. kafli.

Kjörstjórn.

2. gr. Kjördæmaþing/fulltrúaráð/félagsfundur kýs 3, 5 eða 7 manna kjörstjórn/uppstillingarnefnd.

Kjósa skal formann sérstaklega. Kjörstjórnin/uppstillingarnefndin skiptir með sér verkum að öðru leyti.

3. gr. Kjörstjórn/uppstillingarnefnd skal gera tillögu um framboðslista Framsóknarflokksins fyrir næstu sveitarstjórnarkosningar.

4. gr. Kjörstjórn/uppstillingarnefnd skal halda gerðabók og skal bóka viðtöku tilnefninga, afgreiðslu þeirra, hvers konar úrskurði og annað þess háttar er máli skiptir.

III. kafli.

Framboðslistinn.

5. gr. Frambjóðendur geta þeir einir orðið sem eru félagar í Framsóknarflokki og hafa kjörgengi til sveitarstjórnar, þ.m.t. þeir sem skilað hafa inn inngöngubeiðnum í Framsóknarflokkinn 30 dögum fyrir kjördæmaþing/fulltrúaráð/félagsfund og hafa náð 18 ára aldri á kjördag til sveitarstjórnar, samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár.

6. gr. Kjörstjórn/uppstillingarnefnd skal hafa heimild til að gefa öllum flokksbundnum framsóknarmönnum með lögheimili í sveitarfélaginu kost á að tilnefna einn eða fleiri einstaklinga sem viðkomandi vill sjá í framboði fyrir Framsóknarflokkinn og með það að markmiði að listinn verði sem sterkastur.

7. gr. Ekki skulu vera fleiri en þrír af sama kyni í 5 efstu sætum framboðslistans.

8. gr. Kjörstjórn/uppstillingarnefnd skal ljúka störfum eigi síðar en 5 dögum fyrir kjördæmaþing/fulltrúaráð/félagsfund og leggja fram tilbúinn lista til stjórnar kjördæmasambands/stjórnar fulltrúaráðs/stjórnar félags sem leggur hann til endanlegrar samþykktar fyrir kjördæmaþing/fulltrúaráð/félagsfund.